

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 7/2006

frá 27. janúar 2006

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/323/EB frá 21. apríl 2005 um öryggiskröfur sem Evrópustaðlar um fljótandi hluti til notkunar í tómstundum á eða í vatni þurfa að uppfylla samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 3h (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB) í XIX. kafla II. viðauka við samninginn:

„3i. **32005 D 0323:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/323/EB frá 21. apríl 2005 um öryggiskröfur sem Evrópustaðlar um fljótandi hluti til notkunar í tómstundum á eða í vatni þurfa að uppfylla samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB (Stjtið. ESB L 104, 23.4.2005, bls. 39).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2005/323/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. janúar 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 104, 23.4.2005, bls. 39.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. janúar 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.